



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Reglur um tómsundastyrk í Skeiða- og Gnúpverjahrepp

1. Gr.

Forsendur og markmið

Skeiða- og Gnúpverjahreppur styrkir tómsundaiðkun barna í sveitarfélaginu með árlegu framlagi. Tómsundastyrk er ætlað að greiða niður æfingar- og/eða þáttökugjald og er meginmarkmið tómsundastyrksins er að gera öllum börnum á aldrinum 6-18 ára kleift að taka þátt í uppbyggilegu íþrótta- lista- og tómsundastarfi.

Upphæðin sem greidd er í tómsundastyrk skal vera hámark þeirra upphæðar sem ákveðin er í fjárhagsáætlanagerð hverju sinni.

2. Gr.

Skilyrði fyrir veitingu tómsundastyrks

Foreldrar/forráðamenn barna og ungmenna á aldrinum 6-18 ára sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu geta sótt um tómsundastyrk.

Meginskilyrði styrksins er að starfsemin sé á forsendum uppeldislegra gilda og forvarna.

Tómsundastyrkur er veittur vegna þátttöku barna í skipulögðu íþrótta-, tómsunda- og æskulýðstarfi sem og vegna kaupa á líkamsræktar- og sundkorti sem merkt er einstaklingnum. (ekki vegna kaupa á klippikortum).

Dæmi um hvað er hægt að nýta styrkinn í:

- Skipulagt frístundastarf sem stundað er undir leiðsögn þjálfara, kennara eða leiðbeinanda. Það á við um allt íþrótta- og tómsundastarf sem stundað er á vegum íþróttafélaga, dansskóla, skáta, tónlistarskóla ofl.
- Íþrótta- og tómsundanámskeið barna sem haldin eru í sumarleyfum.
- Skipulögð námskeið s.s. listnámskeið, reiðnámskeið, sjálfstyrkingarnámskeið og skipulögð námskeið innan líkamsræktarstöðva.

3. Gr.

Almennt um fyrirkomulag

Alla jafna er styrkurinn er greiddur út í gegnum Hvata – hvatakerfi sem tengist Sportabler greiðslukerfi. Í kerfinu er hægt að velja styrkinn sem „greiðsluleið“ fyrir námskeið, árgjald eða tómsund hverskonar. Hvatakerfið heldur utan um hversu mikið er eftir af styrk hvers og eins.

Ef keypt er námskeið, nám eða aðgangur sem ekki er hægt að tengja við sveitarfélagið í gegnum Sportabler, er hægt að hafa samband við þjónustufulltrúa sveitarfélagsins og óska eftir að styrkur sé greiddur eftir á með því að framvísa nauðsynlegum gögnum, svo sem greiðslukvittun og upplýsingum




Skeiða- og Gnúpverjahreppur

um fyrir hvað var greitt. Alltaf skal þó byrja á að óska eftir því að viðkomandi nám, námskeið eða aðgangur sé tengdur við sveitarfélagið í gegnum Hvata.

Styrkurinn er veittur á ársgrundvelli, hann er ekki hægt að færa á milli ára en styrkupp hæð hvers árs gildir fyrir tólmstundastarf sem stundað er og greitt það ár.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar 18.01.2023


Sveitarstjóri
Skeiða- og
Gnúpverjahrepps

Haraldur Þór Jónsson, sveitarstjóri